



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 24. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 5. FUNDUR ÁRSINS

#### VAR HALDINN MÁNUDAGINN 20. APRÍL 2020

#### KL. 14.00 Í FÉLAGSHEIMILINU Á FLÚÐUM

Árið 2020, þann 20. apríl kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Huppusal í Félagsheimilinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

- 1. Persónuverndarstefna Hrunamannahrepps: Endurskoðun.**  
Oddviti kynnti endurskoðun á persónuverndarstefnu Hrunamannahrepps sem nýr persónuverndarfulltrúi sveitarfélagsins hefur unnið að. Sveitarstjórn samþykkir endurskoðaða persónuverndarstefnu.
- 2. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða: Styrkveitingar.**  
Oddviti kynnti styrkveitingar framkvæmdasjóðsins ferðamannastaða vegna ársins 2020. Þrjú staðir innar sveitarfélagsins fengu styrk til framkvæmda. Kerlingarfjallavinir vegna Kerlingarfjalla og sveitarfélagið vegna Hrunalaugar og Brúarhlaða. Sveitarstjórn fagnar því að þessi verkefni hafi fengið úthlutun.
- 3. Umhverfisstofnun: Refaveiðar.**  
Oddviti kynnti skýrslur frá Umhverfisstofnun um uppgjör áætlunar um refaveiðar 2017-2019 og áætlun um refaveiði 2020-2022. Sveitarstjórn vísar skýrslunum til kynningar í landbúnaðar- og umhverfisnefnd. Sveitarstjórn hvetur sveitunga til að huga að skráningu á tjóni vegna refs til Umhverfisstofnunar.
- 4. Landgræðslan: Grólindeverkefnið. Kortlagning beitolanda sauðfjár.**  
Oddviti kynnti Grólindeverkefni Landgræðslunnar sem felst í kortlagningu helstu sauðfjárbeitarsvæða o.fl. Sveitarstjórn vísar málinu til landbúnaðar- og umhverfisnefndar til yfirferðar og athugasemda.
- 5. Umhverfisstofnun: Tillaga að friðlýsingu svæðis í verndarflokki rammaáætlunar vegna Kerlingarfjalla.**  
Oddviti kynnti tillögu að friðlýsingu svæðis í verndarflokki rammaáætlunar vegna Hverabotna, Neðri-Hveradala, Kisubotna og Þverfells í Kerlingarfjöllum. Sveitarstjórn hefur í sínu aðalskipulagi gert ráð fyrir að ekki fari fram orkuframleiðsla á þessu svæði sem gæti fallið undir rammaáætlun og gerir ekki athugasemdir við friðlýsingu svæðisins til orkuframleiðslu. Sveitarstjórn telur hins vegar eðlilegt að þetta ferli verði klárað í samhengi við friðlýsingu Kerlingarfjallasvæðisins í heild sinni sem verið er að leggja lokahönd á og óparfi að vera með tvö friðlýsingarferli í gangi.
- 6. Friðlýsingarskilmálar í Kerlingarfjöllum: Endurskoðun á bráðabirgðaákvæði.**  
Oddviti kynnti endurskoðun á bráðabirgðaákvæði í friðlýsingarskilmálum vegna Kerlingarfjalla og þá vinnu sem farið hefur fram frá síðasta fundi. Sveitarstjórn samþykkir bráðabirgðaákvæðið frá 28. júní 2019 með þeim breytingum sem fyrir liggja á fundinum af hálfu sveitarstjórnar.
- 7. Félag eldri Hrunamanna: Yfirlit yfir störf félagsins.**  
Oddviti kynnti skýrslu frá félagi eldri Hrunamanna vegna síðasta starfsárs og ráðstöfun á styrk frá sveitarfélaginu skv. samningi við félagið. Sveitarstjórn þakkar fyrir upplýsingarnar og þakkar félaginu fyrir öfluga starfsemi.
- 8. Samband íslenskra sveitarfélaga: Sameiningarnámsferð til Bergen.**  
Oddviti kynnti fyrirkomulag fyrirhugaðar sameiningarnámsferðar Sambandsins til Bergen í haust.
- 9. Lánasjóður Sveitarfélaga.**  
Oddviti kynnti erindi frá Lánasjóði sveitarfélaga um frestun aðalfundar og tillögu um að enginn arður verði greiddur út þetta árið.

**10. Kotlaugar: Erindi frá MAST vegna vatnsveitu.**

Oddviti kynnti erindi frá Kotlaugum vegna beiðni MAST um staðfestingu frá sveitarfélaginu um þörf Kotlauga á vatnsveitu sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 180/201 um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til vatnsveitna á lögbýlum. Sveitarstjórn telur að hagkvæmara sé fyrir Kotlaugar að leggja eigin vatnsveitu að bænum sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og uppfylli þannig skilyrði reglugerðarinnar um styrk úr Jöfnunarsjóði. Sigurður víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

**11. Kerlingarfjallavinir: Helstu verkefni 2019.**

Oddviti kynnti yfirlit frá Kerlingarfjallavinum um helstu verkefni félagsins í Kerlingarfjöllum á árinu 2019. Sveitarstjórn þakkar Kerlingarfjallavinum fyrir góð störf.

**12. Erindisbréf fyrir stýrihóp Heilsueflandi samfélags í Hrunamannahreppi.**

Oddviti kynnti drög að erindisbréfi fyrir stýrihóp heilsueflandi samfélags í Hrunamannahreppi. Sveitarstjórn samþykkir erindisbréfið.

**13. Hótel Flúðir ehf: Skipun stjórnarmanns.**

Oddviti fór yfir beiðni Hótel Flúða ehf að vegna breytinga í stjórn félagsins tilnefni Hrunamannahreppur fulltrúa í stjórn félagsins. Sveitarstjórn samþykkir að skipa Sigurjón Snæ Jónsson sem fulltrúa Hrunamannahrepps í stjórn Hótel Flúða ehf.

**14. Covid-19: Staða og horfur.**

Oddviti og sveitarstjóri fóru yfir stöðuna vegna Covid-19 mála í Hrunamannahreppi og áhrifin á samfélagið. Jafnframt voru lagðar fram til kynningar viðbragðsáætlanir Skóla- og velferðarþjónustunnar og Tónlistarskóla Árneseinga vegna Covid-19.

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

**15. Stýrihópur um Heilsueflandi samfélag Hrunamannahrepps: Fundargerð 5. fundar frá 2. apríl s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 5. fundar stýrihópsins frá 2. apríl sl. Rætt var um samvinnu við Krambúðina vegna heilsuverndarsjónarmiða og að stofna fésbókarsíðu fyrir verkefnið. Farið var yfir fjárhags- og framkvæmdaáætlun og rætt um erindi frá SASS varðandi skráningu á hjólaleiðum. Þá var rætt um fjarlausnir fyrir hópinn og erindisbréf fyrir stýrihópinn. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árneseinga:**

**16. Fundargerð 193. fundar skipulagsnefndar frá 8. apríl s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. og 18. mars og 1. apríl s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 193. fundar skipulagsnefndar frá 8. apríl og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4 og 18. mars og 1. apríl .sl.

Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

**Mál nr. 32: Syðra-Sel. Umsókn um byggingarleyfi.**

Lögð er fram umsókn Sigurðar Unnar Sigurðssonar fyrir hönd Guðmundar Böðvarssonar, móttokin 24.03.2020, um byggingarleyfi til að byggja íbúðarhús með sambyggðri bílageymslu 269,2 m<sup>2</sup> á jörðinni Syðra-Sel (L166822) í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess að sveitarstjórn Hrunamannahrepps geri ekki athugasemd við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi með bílageymslu með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi með bílageymslu með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða

**Mál nr. 33: Efra-Langholt. Aðalskipulagsbreyting. Stækkun frístundasvæðis.**

Lögð er fram að nýju í kjölfar auglýsingar tillaga að breytingu á gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, vegna Efra-Langholts. Tillagan tekur til spildu úr landi Efra-Langholts, austan Langholtsvegur, við frístundasvæðið F16. Aðkoma að svæðinu er frá Langholtsvegi nr. 341. Svæðið sem um ræðir í landi Efra-Langholts er 10 ha að stærð og er á skilgreindu landbúnaðarsvæði. Spilda þessi liggur að þegar skipulögðu frístundasvæði úr

landi Efra-Langholts, Sunnuholti og Lindarseli. Í tillögu að aðalskipulagsbreytingunni verður skilgreining á landnotkun svæðisins breytt í frístundasvæði. Þar með myndast samfella með frístundasvæðinu F16 úr landi Efra-Langholts. Tillagan hefur verið lagfærð til samræmis við athugasemdir sem bárust og einnig hefur verið tekið tillit til athugasemda Vegagerðarinnar.

Borist hefur umsögn Vegagerðarinnar, dags. 25. okt. 2019, um drög að deiliskipulagi sem sýnir veltengingu að nýju frístundasvæði, sem er í samræmi við tillögu að breyttu aðalskipulagi. Skipulagsnefnd telur því ekki þörf á að færa veltengingu, líkt og Vegagerðin hafði mælt með í umsögn sinni þann 25. sept. 2019.

Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki breytinguna og að skipulagsfulltrúa verði falið að senda Skipulagsstofnun tillöguna til lokaafgreiðslu í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgangið skipulagsnefndar og samþykkir aðalskiplagsbreytinguna og að skipulagsfulltrúa verði falið að senda Skipulagsstofnun tillöguna til lokaafgreiðslu í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Mál nr. 38: Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. mars s.l.**

Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. mars s.l.

**Mál nr. 39: Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. mars s.l.**

Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. mars s.l.

**Mál nr. 40: Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. apríl s.l.**

Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. apríl s.l.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**a. SASS: Fundargerð 556. fundar stjórnar frá 3. apríl s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**b. Almannaþingir Árneshöfn: Fundargerð 5. fundar frá 3. mars s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**c. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 291. fundar stjórnar frá 24. mars s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

**d. Héraðsskjalasafn Árneshöfn: Athugasemdir við drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafna.**

Lagt fram til kynningar.

**e. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 880. fundar stjórnar frá 27. mars s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**f. Samband íslenskra sveitarfélaga: Aðgerðaráætlun sveitarfélaga til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf og heimili vegna covid-19.**

Lagt fram til kynningar.

**g. Samband íslenskra sveitarfélaga: Staða verkefna í aðgerðarpakka sveitarfélaga um viðspyrnu gegn samdrætti í þjóðarbúskapnum vegna covid-19.**

Lagt fram til kynningar.

**h. Samband íslenskra sveitarfélaga: Minnisblað vegna heimildar til frestunar greiðslu fasteignaskatta vegna covid-19.**

Lagt fram til kynningar.

**i. Samgöngu- og samgönguráðuneytið: Minnisblað til ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna covid-19.**

Lagt fram til kynningar.

**j. ÍSÍ: Íþróttahreyfingin og covid-19.**

Lagt fram til kynningar.

**Fundir framundan:**

**k. Aðalfundur Reiðarhallarinnar á Flúðum ehf þann 11. maí n.k.**

Lagt fram til kynningar.

**l. Vorfundur Héraðsnefndar Árneshöfn þann 12. maí n.k.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:25.